




SKÓLANÁMSKRÁ

Leikskólinn Holt

2024



www.leikskolinn-holt.net

Efnisyfirlit

LEIKSKÓLINN HOLT	3
AÐALNÁMSKRÁ OG LÖG UM LEIKSKÓLA	3
Lög um leikskóla	3
Aðalnámskrá	3
GILDI LEIKSKÓLANS	4
Gleði	4
Virðing	4
Sköpun	5
Þekkingarleit	5
LEIKURINN	5
KÖNNUNARAÐFERÐIN	7
HÓPASTARF	8
SAMVERUSTUNDIR	8
Leikgleði í gegnum sögur og söng	8
REGGIO EMILIA	9
Sköpun	9
Virkni	9
Opnar spurningar	9
Umhverfið sem þriðji kennarinn	10
Uppeldisfræðileg skráning	10
Matstofa	11
Narfakotsseyla/útikennslusvæði	11

Stígvélagarðurinn	11
Listir og skapandi starf	12
Smiðjur	12
Tónlist	13
Hæglátt leikskólastarf	13
Grænfáninn	14
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	14
Sambætt og skapandi leikskólastarf	14
Heilbrigði og velferð	15
Sjálfbærni og vísindi	15
Lýðræði og jafnrétti	16
Læsi og samskipti	17
Sköpun og menning	17
MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	18
Einstaklingsmat fyrir foreldrasamtöl	19
FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN	19
TENGL SKÓLASTIGA	20
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	20
Innra mat	20
Ytra mat	21
Heimildaskrá	22

Leikskólinn Holt

Leikskólinn Holt er staðsettur við Stapagötu 10 í Njarðvík, Reykjanesbæ. Hann var formlega opnaður 15. mars 1985 og voru deildirnar tvær, Kot og Hlíð. Systrafélag Njarðvíkurkirkju stóð að byggingu leikskólans í samvinnu við Njarðvíkurbæ á sínum tíma. Leikskólinn stendur í landi jarðarinnar Holts og þaðan kemur nafnið. Þann 2. janúar 2004 áttu sér stað endurbætur og stækkaður skóli með tveimur nýjum deildum, Laut og Lundi, tekinn í notkun. Árið 2022 var leikskólinn stækkaður um tvær deildir til viðbótar, Móa og Þúfu og er í dag 6 deilda leikskóli með rými fyrir 105 börn. Leikskólinn er rekinn af Reykjanesbæ, einn af tólf leikskólum bæjarins. Grunnflötur hússins er 773 fermetrar og lóðin er 5.129 fermetrar. Stöðugildi við skólann eru 34, tónlistarkennari starfar við skólann og sér um tónlistarkennslu einn dag í viku.

Aðalnámskrá og lög um leikskóla

Lög um leikskóla

Samkvæmt lögum nr. 90/2008 bera sveitarfélög meginábyrgð á rekstri leikskóla. Menntamálaráðuneytið mótar uppeldisstefnu leikskóla og sér um að fram fari mat á leikskólastarfi. Leikskóli er ekki skyldunám og hefur því nokkra sérstöðu sem fyrsta skólastigið.

Aðalnámskrá

Á grunni aðalnámskrár (2011, 2023) ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Námskráin á að gefa heildaryfirlit yfir starfsemi leikskólans. Kaflar 7 til 10 voru endurskoðaðir 2023 og hefur námskrá Holts verið endurskoðuð með tilliti til þess.

Starfið á Holti er í stöðugri þróun og endurskoðun, allt starfsfólk leikskólans kemur að mótun uppeldisstarfsins, stefna og starfshættir eru metnir reglulega og markmið og leiðir þróaðar í samræmi við það með svokallaðri fljótandi námskrá. Starfið á Holti byggir á hugmyndafræði Reggio Emilia og tilheyrir samfélagi leikskóla á Íslandi (SARE) þar sem hugmyndafræðileg samræða um skólustarf í anda Reggio Emilia á sér stað.

Aðalnámskrá lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólustarf. Hún byggir á meginmarkmiðum uppeldis og kennslu í leikskóla sem eru;

- a. að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- b. að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- c. að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- d. að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- e. að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,

- f. að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.

Aðalnámskrá er ætlað að vera leiðarljós leikskólastarfs í landinu. Á grundvelli þess sem kveðið er á um í lögum um hlutverk leikskóla og áherslum í aðalnámskrá hafa verið skilgreindir grunnþættir í menntun. Þessir grunnþættir eru.

- Læsi,
- Sjálfbærni,
- Lýðræði og mannréttindi,
- Jafnrétti,
- Heilbrigði og velferð
- Sköpun.

Gildi leikskólans

Á Holti er starfað í anda hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem grunnurinn að starfinu er virðing fyrir barninu og hugmyndum þess. Könnunaraðferðin í sinni fjölbreyttu mynd er nýtt til þekkingaleitar. Lögð er áhersla á að nýta leikinn markvisst til uppeldis og þroska. Leikgleði barnanna og áhugi þeirra fyrir líðandi stundu er í fyrirrúmi og allt gert til að góð samskipti og jákvætt andrúmsloft einkenni skólastarfið. Við leggjum áherslu á gott samstarf og að gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Einkunnarorð Holts eru gleði, virðing, sköpun og þekkingarleit.

Gleði

Gleði ásamt öryggi er forsenda þess að börnin læri. Auðveldast er að meðtaka þekkingu þegar umhverfið er jákvætt og uppbyggjandi og ýtir undir löngun barnsins til að leika og læra. Í gegnum leik og félagsleg samskipti þar sem áhugi, gleði og ímyndunarafli endurspeglast í andrúmsloftinu og umhverfið er nýtt sem þriðji kennarinn

Virðing

Í okkar starfi er virðing borin fyrir hverju barni, áhuga, getu og skoðunum þess. Fjölbreytileiki auðgar starfið og öll eiga möguleika á að taka þátt í að móta og hafa áhrif á eigin þroska. Sameiginlegum markmiðum og reglum er fylgt eftir og öll berum við sameiginlega ábyrgð þegar kemur að starfinu í skólanum. Við berum virðingu fyrir upplifun og tilfinningum einstaklinga, að öll börnin fái að vera eins og þau eru.

Sköpun

Við leggjum áherslu á örvandi umhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að kanna, skapa og leita svara. Í jákvæðu andrúmslofti þar sem hugmyndir og aðferðir eru hvorki réttar eða rangar, þar sem forvitni og ímyndunarafl allra barnanna fær að njóta sín. Við leggjum þannig áherslu á ferlið frekar en útkomuna, á ígrundun barnanna, á gagnrýna hugsun og opnar spurningar. Við styðjum þannig við börnin en tökum ekki fram fyrir hendur þeirra eða gerum fyrir þau.

Þekkingarleit

Í starfi okkar vinna börnin saman að þekkingarleit og það er gert í gegnum leikinn, með því að rannsaka, skapa og íhuga. Við hlúum að og nýtum okkur reynslu annarra og öðlumst um leið nýja þekkingu. Í leiknum prófa börnin hugmyndir, herma eftir, útfæra, nýta ímyndunaraflið og reynslu til að læra nýja hluti. Börnin læra hvert af öðru, kennurum og umhverfinu.

Leikurinn

Leikurinn er kjarni starfsins í leikskólanum. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra í gegnum leik enda leikurinn órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Leikur barna er sjálfsprottinn og þeim eðlislægur. Börn leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum og þannig getur leikurinn veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikurinn skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál sem upp koma á eigin forsendum. Þar eflast vitrænir og skapandi þættir og kallar leikurinn á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Leikur getur verið bæði markmið og leið í leikskólastarfi. Þegar leikur er nýttur sem leið eru sett fram ákveðin markmið sem ætlunin er að ná í gegnum leikinn. Börnin eru kynnt fyrir nýjum möguleikum og geta þannig skapað sameiginlega reynslu sem nýtist í leiknum. Mikilvægt er að vera vakandi fyrir áhuga barna og því sem gerist, spyrja opinna spurninga og vinna markvisst með það sem börn eru að fást við og sýna því áhuga. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu að síður mikilvægt og margþætt (aðalnámskrá leikskóla 2011, 2023). Á Holti leggjum við áherslu á leikinn og viljum við gefa barninu gott rými fyrir hann. Við viljum að barnið sé ráðandi aðili í leiknum og að gleði sé ríkjandi. Við teljum mikilvægt að allt spili vel saman, það er barnið, kennarinn og umhverfið. Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar. Í leik læra börn hvert af öðru en hlutverk hins fullorðna í leik barna er engu

að síður mikilvægt og margþætt (aðalnámskrá leikskóla 2011). Á Holti leggjum við áherslu á að leikurinn sé námsleið barnsins og viljum við gefa barninu gott rými fyrir leikinn. Við viljum að barnið sé ráðandi aðili í leiknum og að gleði sé ríkjandi. Við teljum mikilvægt að allt spili vel saman, það er barnið, kennarinn og umhverfið. Fjölbætt reynsla barna að heiman og í leik og starfi leikskólans býr til nýja þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir, nýja færni og eflir þroska. Áherslan er á sjálfsprottinn leik eða að leikurinn er atferli sem börn hafa frumkvæði að en er ekki stýrt af fullorðnum. Þar segir einnig: „Leikur sem er sjálfsprottinn greinist frá öðru atferli í því að hann er leiddur af börnum; þau ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær hann fer fram og um hvað þau leika. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok hans.“ Í sjálfsprottnum leik ráða þannig börnin ferðinni og geta byggt ferlið allt á áhuga sínum og styrkleikum. Litið er á þessa tegund leiks sem ferli fremur en afurð; upphaf og lok ferlisins getur verið óljóst og það er leikurinn í sjálfu sér sem skiptir mestu máli fyrir börnin. Leikur barna hefur verið flokkaður eftir mismunandi birtingarmyndum, svo sem; hreyfi- og ærslaleikur, byggingaleikur og hlutverka- og þykjustuleikur. Leikur er þýðingarmikill fyrir fullgildi barna í leikskólum, það er félagslegra samskipta barna, þátttöku þeirra og þess að tilheyra leikskólasamfélaginu. Börn nefna flest að þeim þykir skemmtilegast að vera með vinum sínum í leikskólanum. Því þarf að skapa aðstæður í leikskólanum svo að börn geti byggt upp vináttutengsl við önnur börn, en þar hefur leikurinn mikið gildi. Hafa skal í huga að þó að börn taki þátt í sama leiknum getur upplifun þeirra og reynsla af þátttökunni verið ólík. Mikilvægt er að skipuleggja leikskólastarfið með tilliti til leiks, að rými sé innan dagskipulags og skipulag og undirbúningur námsumhverfis, svo sem rými og efniviður sé í fyrirrúmi. Hlutverk leikskólakennara og starfsfólks þarf að vera skýrt og einnig hvers konar stuðning börn þurfa við leik sinn enda sum börn sem þurfa frekari stuðning en önnur.

Uppeldisfræðileg skráning á athöfnum barna er mikilvægur þáttur þegar kemur að leik og námi leikskólabarna. Leikskólakennarar geta ekki skipulagt sjálfsprottinn leik barna, börn gera það sjálf. Þeir geta aftur á móti undirbúið leik- og námsumhverfið sem hefur áhrif á frumkvæði barna til leiks og athafnir þeirra. Mikilvægt er að ræða um leikinn, setja orð á athafnir og að námsumhverfið sé þannig að það örvi þá þætti sem taldir eru mikilvægir, í leik æfa börn færni eins og sköpun, nýsköpun, samvinnu, athygli, einbeitingu, seiglu, tjáningu, samhygð og framkvæmd. Í leiknum sýna börn yfirleitt mikla sjálfstjórn og vellíðan, þar taka þau ákvarðanir og leysa vandamál, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta færni sem ekki er hægt að kenna á annan hátt. Rannsóknir hafa sýnt fram á að börn læra fjölbreytta færni í leik sem þykir mikilvæg fyrir menntun þeirra á 21. öldinni, til dæmis gagnrýna og skapandi hugsun, að móta þekkingu og að æfa fjölbreytt hlutverk og athafnir. Börn læra þannig að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og auka skilning sinn á heiminum í kringum sig þar sem þau leggja til hugmyndir sínar, þekkingu og reynslu, sem verður til þess að börn læra af athöfnum sínum og annarra þegar þau leika sér (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 2024; Handbók um leik barna í leikskólum, 2024).

Könnunaraðferðin

Viðfangsefni taka mismunandi langan tíma og gera börnunum kleift að kafa dýpra í ákveðin verkefni. Í vinnu við viðfangsefni er unnið með námsþætti sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla auk einkunnarorða leikskólans sem getið er um hér að framan. Hlutverk kennarans er að halda utan um vinnuna og bjóða upp á ögrandi efnivið, aðferðir og umhverfi. Við veitum athygli því sem börnin sjá, gera, upplifa og hugsa, með því vinna börnin nýja sigra.

Könnunaraðferðin gengur út á að við lærum best með því að **framkvæma** (“learning by doing”) og ræða um það sem gert er. Í umræðum er hægt að dýpka þekkingu með því að endurskoða hugmyndir og upplifanir. Þegar unnið er samkvæmt könnunaraðferðinni skipta forvitni og áhugi barnanna miklu hvað varðar viðfangsefni og stefnu vinnunnar. Þessu fylgja ákveðnir kostir. Þegar áhugi er fyrir hendi aukast líkur á virkni og sköpun barnanna í ferlinu. Áhugi barnanna verður hvati í námi þeirra og ferlið sem ævintýri þar sem nemendur og kennari eru þátttakendur.

Til eru mismunandi kennarar og mismunandi kennsluaðferðir. Á einum enda skalans má finna verkefni sem kennarinn leggur fyrir, stjórnar og ákveður, en á hinum endanum má finna könnunaraðferðina.

Nokkrir þættir sem eru einkennandi fyrir könnunaraðferðina og við þurfum að hafa í huga:

- Óákveðinn tími er áætlaður fyrir verkefnið, nokkrar vikur eða jafnvel mánuðir.
- Efnisval tekur mið af áhuga barnanna.
- Framvinda vinnunnar tekur mið af áhuga barnanna. Skráningar og athuganir eru aðferðir sem notaðar eru til að meta áhuga þeirra og til að ákveða framhaldið.
- Vefgerð er notuð til að nálgast þá þekkingu sem fyrir er. Kennari skipuleggur viðvangsefnið til að auka þekkingu barnanna og bætir nýju námsefni inn í ferlið.
- Farið er í þekkingarleit þar sem leitað er svara við spurningum. Börnin hafa áhrif á ferlið og framkvæmdina.
- Nemendur, kennari og gestir með sérþekkingu geta komið með úrræði.
- Vettvangsferðir eru mikilvægar til að afla sér þekkingar. Vettvangsferðir eiga sér oft stað snemma í ferlinu og eru jafnvel endurtekna.
- Viðfangsefnið hefur áhrif á umhverfi (t.d. leikskólastofa) og athafnir í leikskólanum. Viðfangsefni á að eiga hlutdeild í öllu viðfangsefni leikskólans t.d. í listasmiðju, einingakubbum, í tónlist o.fl.
- Með því að teikna, skrifa um, hanna eða byggja tileinkar barnið sér aukna þekkingu. Æfingar eru endurtekna til að sýna fram á aukna þekkingu og færni barnsins í vinnuferlinu.

Hópastarf

Í hópastarfi vinnum við samkvæmt könnunaraðferðinni þar sem stuðst er við hugmyndir barnanna. Í samvinnu við börnin ákveður kennari viðfangsefni út frá áhugasviði og getu. Þar er unnið út frá ákveðnu viðfangsefni yfir lengri eða skemmri tíma, allt að eitt ár, eftir áhuga og þróun ferilsins. Við val á viðfangsefni er tekið mið af áhuga og reynslu barnanna og reynt að styrkja sjálfsvitund og sjálfsmynd þeirra. Lögð er áhersla á fjölbreytilegt leikumhverfi í hópastarfi og aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa. Kennari er til staðar og styður barnið í þekkingaleitinni. Markmiðið er að efla sjálfstæði barnanna og efla flesta þroska þætti ásamt því að vinna með efnivið sem hvetur börnin til sköpunar, ímyndunar- og hlutverkaleikja. Efniviðurinn er tengdur því viðfangsefni sem unnið er að hverju sinni. Viðfangsefnin taka mismunandi langan tíma og gera börnunum kleift að kafa dýpra í ákveðin verkefni. Í vinnu við viðfangsefni er unnið með námsþætti sem getið er um í aðalnámskrá leikskóla auk einkunnarorða leikskólans sem getið er um hér að framan. Hlutverk kennarans er að halda utan um vinnuna og bjóða upp á ögrandi efnivið, aðferðir og umhverfi. Við veitum athygli því sem börnin sjá, gera, upplifa og hugsa, með því vinna börnin nýja sigra.

Samverustundir

Í leikskólanum skiptir máli að hafa góðar samverustundir með börnunum þar sem börnin fá að blómstra með virkri þátttöku og tjáningu. Samverustundirnar geta skapað frábært tækifæri til að leggja grunn að auknum orðaforða, málskilningi, hlustunarskilningi, hugtakaskilningi og frásagnarhæfni. Í samverustunum er lögð áhersla á málörvandi aðferðir sem byggja á leik, söng, fræðslu og virkni. Lýðræðislegar samverustundir þar sem leikskólakennari ýtir undir frumkvæði, sjálfstraust, samkennd og styrkir félagstengsl milli barna.

Leikgleði í gegnum sögur og söng

Í verkefninu er unnið með málörvun þar sem gleði, leikur, hópefli, virk þátttaka barnanna og frjáls tjáning er í aðalhlutverki. Með því er lagður grunnur að farsæld allra barna samhliða auknum orðaforða, málskilningi og frásagnarhæfni. Þannig skapast forsendur fyrir virkt lærdómssamfélag þegar allt samfélagið tekur þátt. Aðferðirnar eru fallnar til að auka samkennd og styrkja félagstengsl milli barna. Þær eru leikmiðaðar sem fyrst og fremst stefna að virkri þátttöku barna og örvar bæði skynjun þeirra og skilning. Börnin verða opnari gagnvart öðrum og mynda sterkari tengsl, gagnkvæmt traust og samheldni. Aðferðirnar eru:

- Að vinna sjónrænt með söngtexta og gera hann meira lifandi.
- Leikur að bókum, sem felur í sér að börnin fara í hlutverk og leika þær bækur/sögur sem eru lesnar.

- Þátttökulestur, lifandi flutningur á bókum og sögum þar sem börnin taka virkan þátt.
- Hreyfingasögur, þá sitja börnin ekki kyrr heldur er sögustundin á hreyfingu. Tilgangurinn er að upplifa atburðarrásina og söguþráðinn á eigin líkama.
- Þyrlusögur, þar sem börnin búa til eigin sögur og leika þær.

Reggio Emilia

Sköpun

Í Reggio Emilia er markvisst unnið með myndformið í þekkingarleit og sem tjáningarform. Sköpunarferlið er leið að ákveðnu marki en ekki markmið í sjálfu sér. Atferlið að skapa er tjáningarform alls milli himins og jarðar. Mikilvægast er að skoða ferli sköpunarinnar en ekki einungis afurðina. Hvað gerist á meðan á sköpuninni stendur? Hvernig nálgast barnið efnið og hvernig þróar það hugmyndir sínar? Það er mikilvægt fyrir áframhaldandi þróun að geta gripið andartakið í ferlinu. Reynt er að viðhalda og örva forvitni barnanna og mikil áhersla er lögð á sjónskyn ásamt beitingu annarra skynfæra. Í Reggio er litið svo á að sjónþjálfun leiði til lifandi og skapandi hugsunar. Hinn fullorðni gegnir siðferðislegri skyldu gagnvart barninu í uppeldinu. Skyldu til að miðla menningu og stuðla að auknum þroska barnsins. Það má þó ekki eingöngu gerast þannig að hinn fullorðni miðli sífellt til barnsins eins og hann viti allt betur og þannig yfirgnæfi hugmyndir barnanna og upplifanir. Í Reggio Emilia er litið á menntun út frá samfélagslegri virkni og miðlun menningar sem á sér stað þegar börn og fullorðnir skoða viðfangsefnið í sameiningu með því að íhuga rannsaka og ræða saman.

Virgni

Hugmyndir Reggio Emilia ganga út frá virkni barnsins, þar sem barnið tjáir uppgötvanir með skapandi efniviði eins og myndlist, tónlist og opnum efniviði. Vinnubrögð barnanna þróast í ákveðnu vinnuferli sem stuðlar að þeirra eigin uppgötvun og þekkingu. Börn eru hvött til að spyrja spurninga og leita svara við þeim sjálf. Kennari tekur virkan þátt í starfinu með því að öðlast næmni og tilfinningu fyrir áhugamálum barnanna og hlusta á vangaveltur þeirra. Hugmyndir barnanna ráða ferðinni með aðstoð kennarans. Hin hundrað mál barnsins eru höfð í huga það er að segja að við tjáum okkur á marga vegu og öll mál eru álitin jafn gild. Viðhorf til barnsins eru að barnið sé sterkt, hafi mikið fram að færa og sé fært um að gera ýmislegt sjálft.

Opnar spurningar

Það er mikilvægt að spyrja spurninga og eiga samtál um allt milli himins og jarðar, sérstaklega við ung börn sem eru á mikilvægu skeiði í sinni máltöku. Opnar spurningar hvetja til aukins orðaforða og skilnings. Þær hvetja einnig til skapandi og lausnamiðaðrar hugsunar, kanna minni og reynslu, efla gagnrýna hugsun, sjálfsþekkingu og tilfinningastjórn. Opnar spurningar hefjast á

hvar, hvernig, hvers vegna og svo framvegis og á þann hátt er bæði orðaforði og þekking barnsins dregin fram, andstætt með lokuðum spurningum sem bjóða gjarnan aðeins upp á já eða nei svör.

Umhverfið sem þriðji kennarinn

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 segir: „Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni.“ Námsumhverfi leikskóla þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks. Það þarf að geta tekið breytingum og próast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra sem þar dvelja.“

Umhverfið vegur stóran þátt í uppgötvun barnsins. Nánasta umhverfi barnsins skiptir mestu máli, þar læra börnin um sitt eigið umhverfi, taka eftir því stóra og smáa sem styrkir sjálfsvitund þess. Í Reggio Emilia er oft talað um umhverfið sem þriðja kennarann. Umhverfi leikskólans innan húss er skipulagt með það í huga að hafa áhrif og er því mikilvægt að rými sem börnin búa við sé í senn hvetjandi, aðlaðandi, verndandi og fallegt og að hægt sé að breyta því. Rými má ekki vera of fast bundið í ákveðið form heldur lifandi og breytilegt þannig að börnin sem í því dvelja fái tækifæri til að tjá sig á hundrað vegu. Leikskólalóðin er stór og býður upp á afar skemmtilegt leikumhverfi sem hvetur til fjölbreyttra leikja og rannsókna. Í nánasta umhverfi höfum við kjöraðstæður til útinám eins og móann, fjöruna, tjarnir og útinámssvæði í Narfakotsseylu og allt er þetta í göngufæri við leikskólann.

Uppeldisfræðileg skráning

Uppeldisfræðileg skráning er skráning á orðum og gerðum barna og starfsfólks. Þannig er hægt að fylgjast vel með þroska og áhuga barnanna og gera starfið sýnilegra. Þrjú lykillatriði skráningar eru:

- Að sjá börnum fyrir minni um fyrri athafnir og gerðir. Nota skráninguna fyrir stökkpall eða byrjunarreit næsta verkefnis.
- Að sjá kennurum fyrir tæki til þess að rannsaka og vera í stöðugri framför og þróun.
- Að sjá foreldrum og almenningi fyrir upplýsingum um hvað gerist inn í leikskólanum, ná til þeirra og byggja um gagnkvæmt traust og virðingu.

Skráning getur tekið á sig ýmis form og er notkun mynda og myndbanda vinsælt, að taka upp vinnu og aðferðir barnanna enda tæknin að gera okkur sífellt auðveldara fyrir. Einnig er mikið um að skrá samtöl, sögur, ljóð og leik.

Skráning felst ekki eingöngu í því að horfa til barnanna, heldur einnig til fullorðinna, gera starf þeirra sýnilegt, skapa forsendur í til endurmats, þróa starf leikskólans og sjá sjálfan sig í gegn um aðra. Árangur af skráningu sést frekast þegar börn ná að efla forvitni og skapandi orku í starfi, hugsa sjálfstætt og með öðrum, sjá mismunandi hliðar hluta, geta valið, hafnað og greint eigin skilning og skoðun, séð nýja möguleika og lausnir og leitað nýrrar þekkingar.

Oft er hægt að sjá á annan hátt og jafnvel finna eitthvað sem ekki sást áður með skráningum. Mikilvægt er að ræða við börnin um verk þeirra og hinar ýmsu verkmyndir og sýna þeim skilning og áhuga. Þannig fáum við glögga mynd af getu þeirra og þroska, getum stutt og hvatt áfram því markmiðið er alltaf að börnin nái sem mestum mögulegum þroska.

Matstofa

Á Holti borða börn af fjórum deildum í matstofu. Í matstofunni er flæði svipað og í morgunmat og nónnverði, það er börnin borða innan þess klukkutíma sem matartíminn er. Með þessu fyrirkomulagi ýtum við undir jafnrétti og lýðræði sem eru sett fram sem grunnþættir í aðalnámskrá leikskóla.

- Markmiðið er að matstofan verði lýðræðisleg þar sem hver og einn velur sér hjá hverjum hann situr hversu lengi hann situr og spjallið við borðið fer fram á forsendum barnsins.
- Tilgangurinn er að hafa notalegt umhverfi þar sem börn þurfa ekki að sitja og bíða eftir að aðrir hafi matast heldur geta farið í leik þegar þau eru búin.
- Matstofan er vistleg og notaleg og myndast nokkurs konar kaffihúsastemning þar sem borðin eru misstór, mishá og hlýlegt og notalegt andrúmsloft ræður ríkjum.
- Maturinn er á hlaðborði þar sem börnin fara að hlaðborðinu, skammta sér sjálf á diskana sína og velja sér síðan sæti. Þar erum við að ýta undir sjálfstæði barnsins að það velji sér skammtastærðir við hæfi.

Börnin eru áfram hvött til að borða allan mat og smakka. Reynslan er að börnin eru dugleg að borða á sínum forsendum í notalegu umhverfi með þeim félögum sem þau hafa valið sér.

Narfakotsseyla/útikennslusvæði

Narfakotsseyla er sameiginlegt útikennslusvæði sem Akurskóli og leikskólarnir Holt og Akur hafa byggt upp. Útikennslusvæði styður við leikskólastarfið í heild og er eins og viðbót við annað starf. Þarna læra börnin að hægt er að upplifa og gera margt skemmtilegt og fræðandi í ýmsum veðrum og aðstæðum.

Markmið er að:

- Hafa útisvæði sem fellur að umhverfinu og sem nýst getur nemendum, kennurum og öðrum til náms og útivistar.
- Efla tengsl og tilfinningu nemenda gagnvart náttúrunni.
- Auka umhverfismeðvitund, efla áhuga og jákvætt viðhorf til útináms og útiveru.
- Nemendur og kennarar upplifi möguleika útináms.

Stígvélagarðurinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á listræna tjáningu og er myndsköpun hverskonar í hávegum höfð. Árið 2009 barst stjórnendum leikskólans sú hugmynd frá móður barns í leikskólanum að setja upp

stígvél í fjöruborðinu og skreyta þau verkum eftir börnin í leikskólanum. Bæjaryfirvöld tóku vel í hugmyndina og fundu garðinum fallegan stað niður við sjó. Þar sem garðurinn liggur við göngustíginn í Innri Njarðvík hafa verkin glatt bæjarbúa sem leið eiga hjá og annarra sem gera sér ferð víða að í garðinn. Áhersla hefur verið lögð á að verkin sem prýða stígvélagarðinn séu gerð úr verðlausum efnivið. Stígvélagarðurinn ber þess merki að í bæjarfélaginu okkar sé virðing borin fyrir börnum og verkum þeirra það er því einlæg ósk okkar að garðurinn geti staðið áfram til frambúðar og við gerum okkar besta til að halda honum við.

Listir og skapandi starf

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín.“ Markmið með myndsköpun er að barnið fái tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og reynslu í skapandi starfi, kynnist mismunandi efnivið og eflir fegurðarskyn og skapandi hugsun. Listsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill og börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli enda það eitt af hundrað málum barnsins. Börn. Frjáls og skapandi myndgerð barna, eins og teikningar, mótast af aldri þeirra og þroskastigi. Hjá okkur á Holti gegnir listasmiðjan mikilvægu hlutverki í leikskólasterfinu. Þar kynnast börn litablöndun, formfræði og meðhöndlun á hinum ýmsu efnum. Í listasmiðjunni er mestur efniviður sýnilegur í hæð barnanna og þannig hafa þau aðgang að því sem þau þarfnast í sinni listsköpun. Einnig er unnið að stórum hópverkefnum þar sem börn á mismunandi aldri fá að vinna saman, læra hvert af öðru og fá tækifæri til að kanna eigin þekkingu. Listasmiðjan þjónar eldri deildum leikskólans en yngri deildirnar, Mói og Þúfa hafa minni aðgang en þar er meira unnið með listsköpun inni á deildunum sjálfum. Í Reggio Emilia er lögð mikil áhersla á listsköpun. Í henni finna börnin nýja leið til að tjá sig og þannig myndast mótvægi við hið talaða mál. Listsköpun og örvandi umhverfi hafa jákvæð áhrif á þjálfun sjónar. Með því örvast athyglisgáfa barnanna og leiðir til lifandi og skapandi hugsunar. Myndsköpun fer ekki einungis fram í listasmiðju, heldur einnig í fremri stofum allra deilda en það eru tækifæri til myndsköpunar á öllum svæðum, líka úti.

Smiðjur

Á Holti eru sex deildir og fimm smiðjur, kubbasmíðja, listasmiðja, vísindasmíðja, sögusmiðja og undrasmiðja auk útisvæðis. Við reynum að aðlaga hvert rými að þörfum barnahópsins og höfum að leiðarljósi að rýmið sé fallett, örvandi og bjóðandi fyrir lítil börn. Við reynum eftir bestu getu að skipuleggja rýmið þannig að það ýti undir forvitni og hugmyndaflug barnanna enda litið svo á að umhverfið sé eins og þriðji kennarinn. Flest leikefni er aðgengilegt börnum í þeirra hæð þannig að börnin geti gengið í það eftir áhuga. Efniviðurinn er fjölbreyttur og hvetjandi og nýtum við mikið endurnýtanlegan efnivið í listasmiðju, á útisvæði og í hlutverkaleik. Leikskólalóðin er stór og býður upp á afar skemmtilegt leikumhverfi sem hvetur til fjölbreyttra leikja og rannsókna.

Tónlist

Markmiðið með tónlistarnámi er að efla næmni barnsins fyrir hljóðum, hreyfingu, hrynjanda, tungumáli og menningu og hér á Holti leggjum við sérstaka áherslu á tónlist. Þar er unnið að því að efla frumkvæði og frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Við leikskólann er starfandi tónlistarkennari sem skipuleggur tíma með börnunum. Elstu börnin fá 20 - 30 mínútna tónlistartíma einu sinni í viku með sínum hópi þar sem fimm til tíu börn eru saman og yngri börnin fara í nokkra tíma yfir árið. Í tónlistartímum er unnið út frá sönglögum og leitast er við að hafa fjölbreytt lagaval. Börnin læra að umgangast hljóðfæri, þekkja þau með nafni og við æfum okkur í að hlusta eftir mismunandi blæ og lærum þannig að þekkja hljóðfærin eftir heyrn. Í upphafi vetrarstarfsins með eldri börnunum er lögð áhersla á lög sem einkenna árstíðina. Rifjum upp nöfn hljóðfæranna, veltum fyrir okkur lögum þeirra og efnivið, hljómlæ og spilamáta. Unnið er með hugtökin sterkt-veikt, (forte-píanó) hratt-hægt, bjart-dimmt. Hlustunardæmi eru valin með hliðsjón af ofangreindu og lögð mikil áhersla á vönduð og fjölbreytt hlustunardæmi og þau nýtt til hins ítrasta á margvíslegan máta. Í tónlistarbókunum okkar skoðum við myndir af hljóðfærum sem verið er að hlusta á. Við leggjum áherslu á að eiga góð tæki og góðan efnivið til tónlistariðkunar. Á Holti syngjum við mikið og reynum þá að velja gömul íslensk lög, nýja tónlist, barnalög, hreyfisöngva o.fl. Við vinnum með söng og hlustun oft á dag. Börn á yngstu deildunum Móa og Þúfu fara sjaldnar í tónlistartíma hjá tónmenntakennara en oft á dag er unnið með tónlist í söngstundum, samverustundum og hvíldarstundum þar sem þau hlusta á tónlist með náttúruhljóðum. Í tónlistartímum með yngri börnunum er lögð áhersla á að kenna einföld barnalög og hreyfisöngva.

Hæglátt leikskólastarf

Á yngstu deildum Holts er auk þess stuðst við hugmyndafræðina um hæglátt leikskólastarf. Þar er lögð áhersla á að umhverfið í leikskólanum sé sveigjanlegt til þess að gefa börnum svigrúm til að sinna leik og skapandi starf án allra tímapressu. Hæglátt leikskólastarf gengur út á það að nám eigi sér stað þegar barn fær tækifæri til þess að sökkva sér í viðfangsefni sem það telur vera áhugavert, spyrja spurninga og leita svara við þeim. Þegar nám á sér stað við slíkar aðstæður, kallast það hæg þekking (e. Slow knowledge) og snýr að samtali og samveru milli kennara og barna þar sem tíminn er ekki mældur í einingum heldur þeim tíma sem barnið þarf í námi sínu. Ef haldið er of fast í klukkan getur verið hætt á því að það geti haft neikvæð áhrif á tækifæri barna í leik (Clark, 2023).

Hugmyndafræði Reggio Emilia hefur náð að skapa aðstæður sem tengja við hæga uppeldisfræði. Ein af grunnstoðum Reggio Emilia er forvitnin sem börn búa yfir. Þó kennarar sníði kennslufræðilegan ramma sem hentar aldri og þroska hvers og eins eru það börnin sjálf sem ráða

ferðinni. Lögð er áhersla á að það eigi aldrei að koma í veg fyrir þá ánægju hjá barninu að rannsaka og spyrja spurninga, hlutverk kennara er að vera til staðar og leiðbeina börnunum, ekki að leysa öll þau verkefni sem börnunum er falið heldur að vera þátttakendur í ferlinu með barninu (Clark, 2023). Í Reggio Emilia er enginn sérfræðingur heldur erum við öll nemendur og lærur stöðugt saman. Hugmyndafræði Reggio Emilia gengur út á það að virkja börnin í sinni þekkingarleit, með könnunaraðferðinni sem er sett upp með það í huga að kennarinn finnur kveikju að viðfangsefni sem ýtir undir áhuga barnanna, skapar tækifæri til þess að koma þekkingu barnanna á framfæri í tenglum við viðfangsefnið hverju sinni og byggja ofan á hana. Lögð er áhersla á að börnin skipuleggi, deili og vinni saman, komi hugmyndum sínum á framfæri, beri ábyrgð og að svigrúm sé veitt til að vinna út frá eðlislægri forvitni barnanna (Coşkun og Durakoğlu, 2015).

Grænfáninn

Leikskólinn Holt hefur nokkrum sinnum fengið Grænfánann og vinnur nú að endurnýjun umsóknar um að fá hann aftur. Holt hefur mótað sér umhverfisstefnu og hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu til frambúðar. Lögð er áhersla á flokkun á lífrænum úrgangi, flokkun á pappír, fernum, gleri, málmum, plastumbúðum og orkusparnaði þar sem það á við. Einnig erum við meðvituð um að nýta allan efnivið sem best og endurnýta það sem mögulega er hægt að endurnýta. Við státum t.d. af „Remidu“ sem er efnisveita sem nýtt er í leik og starfi innan skólans. Markmið okkar með umhverfismennt er að gera börn og kennara meðvitaðri um umhverfi sitt. Þar sem Leikskólinn Holt vinnur eftir hugmyndafræði Reggio Emilia, reynist okkur auðvelt að sameina þessar hugmyndir, en Reggio leikskólar leggja áherslu á listsköpun, endurnýtanlegan efnivið og skapandi starf. Í leikskólum þar sem starfað er eftir Reggio Emilia, læra börnin að nýta það sem til fellur í listsköpun og uppgötvunarnám, veita sínu nánasta umhverfi athygli, hvort sem það eru breytingar á náttúrunni á milli árstíða eða sorpi sem einhver hefur hent en þau eru vön að gefa ónýtum hlutum nýtt líf í leik og starfi en einnig taka þau eftir því stóra og smáa í umhverfinu með hjálp kennara sem styrkir sjálfsvitund hvers og eins. Í Reggio Emilia er talað um umhverfið sem þriðja kennarann.

Námssvið leikskóla

Samþætt og skapandi leikskólastarf

„Börn læra í leik og daglegu starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námssvið leikskólans eiga að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.“ (aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.28)

Á Holti vinnum við að samþættingu námssviða til dæmis með könnunaraðferðinni þar sem allir grunnþættirnir fléttast saman og börnin eru ráðandi í vinnuferlinu.

Heilbrigði og velferð

„Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu.“ (aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.43) Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og er því mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi sem og öðru uppeldi. Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst og býður upp á góða hreyfingu. Öll börn fara út á hverjum degi nema óveður eða mikið frost hamli því.

Á Holti eru góðar aðstæður til hreyfingar á útisvæði. Að ganga um í móanum er mikil þjálfun fyrir litla fætur en einnig förum við í gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans þar sem við reynum að nýta móann til hins ýtrasta. Við leggjum áherslu á að öll börn njóti einhverrar útiveru á hverjum degi, þar sem við teljum mikilvægt að venjast margbreytilegri veðráttu strax í bernsku. Í forstofu er lögð áhersla á að börnin klæði sig sjálf úr og í og æfi þar með hreyfingar sínar. Í leik æfa börnin fínhreyfingar t.d. með myndsköpun og grófhreyfingar með gönguferðum, kubbaleikjum, hringleikjum og hreyfisöngvum.

Áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matartímar hafa uppeldislegt gildi og eiga að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þegar börn og leikskólakennari sitja saman við matarborð gefst gott tækifæri til að styrkja góða borðsiði og að tala saman. Þau sem hafa getu til, skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Þetta er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfbjargar.

Að hádegisverði loknum er hvíld í leikskólanum, á yngri deildum sofna flest börnin á dýnum í leikstofu. Hvíldartíma er lokið um kl. 13:00 en þau börn sem þurfa lengri hvíld sofa lengur og er sá tími ákveðinn í samráði við foreldra. Á eldri deildum er börnum skipt í hópa þar sem börnin eiga rólega stund saman í litlum hópum. Svefn og hvíldartímar eru nauðsynlegir til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna.

Börnunum er hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur eins og handþvott eftir salernisferðir, útiveru og fyrir og eftir máltíðir. Yngri börnin hafa fasta salernistíma, þegar þau eldast og þroskast fara þau á salernið eftir þörfum. Yngstu börnunum er sinnt einstaklingslega, skipt er um bleiur og þau aðstoðuð eftir fremsta megni.

Sjálfbærni og vísindi

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og verndun þess. Á Holti förum við mikið út fyrir leikskólann og skoðum okkar nánasta umhverfi. Við höfum kjör aðstæður hér í Innri Njarðvík þar sem móinn, fjaran og notalegt umhverfi er rétt við bæjardyrnar. Við leggjum sérstaka áherslu á göngu- og vettvangsferðir hér í kring allan ársins hring og skoðum þá fjöruna, fuglalífið og náttúruna. Lögð er áhersla á fræðslu um náttúruna og fyrirbæri hennar t.d. veður, árstíðir,

dýralíf og náttúruvernd ásamt hugtökum þeim tengdum. Við kennum börnunum að meta fegurð náttúrunnar, að umgangast hana og upplifa. Börnin safna ýmsum hlutum úti í náttúrunni svo sem steinum, laufblöðum og skordýrum sem síðan er skoðað í smásjá eða víðsjá eða nýtt í skapandi starfi eða leik þegar heim er komið. Vettvangsferðir nýtast einnig vel til upplýsingaöflunar í tengslum við hópastarfi þar sem unnið er samkvæmt „könnunaraðferðinni“. Á útikennslusvæðinu okkar vinnum við með lífbreytileika í náttúrunni, fylgjumst með breytingum á umhverfi, lífríki og veðri eftir árstíðum. Í gönguferðum gefast einnig tækifæri til að hlusta á hin ýmsu hljóð úr náttúrunni sem við tengjum jafnvel við vinnuna í tónlistinni. Við leggjum áherslu á góða umgengni við umhverfið með því að flokka og endurvinna. Við söfnum saman mjólkurfernum og pappír í sér gám og sendum í endurvinnslu. Við endurvinnum pappír með því að búa til okkar eigin pappamassa. Leikskólinn var grænfánaskóli sem er viðurkenning Landverndar á því að unnið sé að umhverfisverndarmálum með nemendum skólans og vinnur nú að því að fá þá viðurkenningu aftur. Í vísindasmiðju eru gerðar tilraunir og unnið með efni og meðhöndlun þeirra, krafta í umhverfinu, stærðfræði og hugtök líkt og form, mynstur, rými, mælingar, tölur, áttir, fjarlægðir og mælingar. Þá hefur leikskólinn einnig komið að samstarfsverkefnum er varða tækni og hér er stafræn tækni nýtt eins og hægt er með áhuga og þroska barnanna í fyrirrúmi.

Lýðræði og jafnrétti

Í aðalnámskrá um leikskóla segir „Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar.“ Á Holti er lögð áhersla á að allir fái notið sín og hver og einn hafi mikið fram að færa. Við ýtum undir að börn, foreldrar og kennarar láti skoðanir sínar í ljós og segi það sem þeim finnst. Við leggjum áherslu á jákvæð samskipti þar sem rödd allra fá hljómgrunn. Við viljum að kennarar ræði jafnrétti og vinni með það svo sem í samverustundum og skapi umræðu út frá bókum. Við viljum leggja áherslu á kynjablöndun í starfsmannahópnum sem og barnahópnum. Í starfi okkar nýtum við aðferðafræði könnunaraðferðarinnar sem er lýðræðisleg aðferð. Börnin hafa val um verkefni, taka virkan þátt í samræðum, hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum. Þannig hafa börnin áhrif á leikskólastarfið og temja sér lýðræðisleg vinnubrögð og lýðræðislegt viðhorf. Við nýtum ýmis konar námsefni sem stuðlar að umhyggju, tillitssemi, samkennd og samhjálp og má þar nefna námsefnið „CAT“ þar sem unnið er markvisst með tilfinningagreind. Við skólann er einnig starfandi foreldraráð þar sem þrír fulltrúar frá foreldrum sitja. Foreldraráð kemur að öllum stærri ákvörðunum um leikskólastarfið. Þar fara fram umræður um þau mál er varðar innra starf leikskólans, starfsáætlun, ársskýrslu, skóladagatal og námskrá. Foreldraráðið þarf að gefa umsögn sína um þessar skýrslur og samþykka þær fyrir hönd foreldra í skólanum. Við skólann er starfandi öflugt foreldrafélag sem lætur rödd sína hljóma. Við leggjum áherslu á að skólinn sé opinn foreldrum hvenær sem er og leggjum rækt við að hlusta á foreldra þar sem þeir þekkja barn sitt best.

Við vinnum að því að nýta vel þann mannauð sem er starfandi í skólanum og að hæfileikar og áhugasvið hvers og eins njóti sín í starfinu. Leikskólakennari er starfandi í listasmiðju sem hefur mikinn áhuga á listum, kennari sem hefur áhuga á útinámi er í framvarðarsveit hvað varðar útinám og kennari með áhuga á tónlist og mjög sterkur þar sinnir því ásamt öllum kennurum skólans. Við teljum að þetta fyrirkomulag skili sér í meiri gæðum og meiri gleði í leikskólastarfinu. Við teljum samábyrgð allra kennara skólans afar mikilvæga.

Virðing er eitt af einkunnarorðum skólans þar sem við teljum mikilvægt að bera virðingu hvert fyrir öðru, sérstöðu hvers einstaklings og verkum allra.

Læsi og samskipti

„Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmis konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“ (aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.42). Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Lengi býr að fyrstu gerð og því er það mikilvægt að barn nái góðum tökum á málinu strax í bernsku. Markmiðið með málrækt er að efla boðskiptahæfni barnsins, örva málskilning og máltjáningu þannig að orðaforði og hugtakaskilningur aukist og hugsun og hæfni til að tileinka sér nýja þekkingu þroskist. Á Holti leggjum við áherslu á að vera góðar fyrirmyndir með því að leggja okkur fram við að tala gott íslenskt mál. Við gerum ritmálið sýnilegt með því að merkja ýmsa staði eins og hólfi barnanna, skápa, glugga, hurðir og höfum miða með nöfnum barnanna í leik. Málörvun er gegnum gangandi í öllu leikskólastarfi og fer fram í stöðvavinnu, samverustundum, matmálstímum og söngstundum. Þar er lesið, sagðar sögur, við hlustum, spyrjum og svörum spurningum, syngjum, förum með vísur og rím og erum með umræður. Stærðfræði eins og málörvun fléttast inn í nám barnanna í gegnum leikinn. Við höfum margar tegundir af kubbum þar sem unnið er með ýmis stærðfræðihugtök og stærðfræðispil. Numicon er námsefni sem notað er með öllum aldurshópum og er sérstakt stærðfræði námsefni fyrir ung börn. Við leggjum áherslu á góð samskipti meðal barna og starfsmanna, við sköpum tækifæri til að velta vöngum, tjá skoðanir og hugmyndir. Við nýtum námsefnið CAT til að vinna með samskipti og tilfinningar. Á Holti leggjum við áherslu á umhverfislæsi. Við förum í vettvangsferðir um okkar nánasta umhverfi og erum þá að ýta undir að sjá það smáa í umhverfinu og passa umhverfi okkar og náttúru.

Sköpun og menning

Sköpun er eitt af einkunnarorðum skólans. Í örvandi umhverfi fá börnin tækifæri til að vera skapandi og allir fá að leita svara. Áhersla er á að starfið beinist fyrst og fremst að ferlinu sjálfu,

gleðinni, tjáningunni og náminu. Í jákvæðu andrúmslofti er ekkert rétt eða rangt þar sem forvitni allra fær að njóta sín og við spyrjum opinna spurninga og eflum þannig ígrundun og orðaforða. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði, þau eru úr ólíkum fjölskyldugerðum og eru af ólíku bergi brotin. Leikskólinn reynir að kynna fyrir barninu menningu samfélagsins og viðhalda menningararfi okkar. Við förum í ýmsar ferðir og heimsóknir til að kynnst samfélaginu. Við heimsækjum bókasafnið, listasafn Reykjanesbæjar og grunnskólann og kynnumst því sem er í okkar nánasta umhverfi. Í þessum ferðum kynnum við börnunum þær reglur sem gilda í umferðinni. Við tökum þátt í hátíðum sem haldnar eru á vegum bæjarins eins og listahátíð barna og ljósanótt. Við eigum okkar listagarð “Stígvélagarðinn” sem staðsettur er á strandlengjunni í Innri Njarðvík.

Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsar þjóðlegar hefðir og hátíðir. Leikskólinn er með sínar sérstöku menningarhefðir eins og; Dag leikskólans, Dag íslenskrar tungu, jólamorgunverð fyrir foreldra, afa og ömmudag, þorrablót, bolludag, sprengidag, öskudag, sumarhátíð fyrir sumarfrí, lokatónleika og útskriftarferð elstu barnanna. Leikskólinn er með sínar sérstöku menningarhefðir svo sem dag íslenskrar tungu, ömmu- og afadag, þorrablót, grímuball á öskudegi, sumarhátíð fyrir sumarfrí, jólasöngstund með helgileik, lokatónleika elstu barna og útskriftarferð fyrir elstu börnin. Í leikskólanum eru ákveðnar reglur sem snúast í grundvallaratriðum um samskipti, umgengni, borðsiði og flest það sem einkennir samskipti fólks í samfélögum manna. Þessar reglur og hæfni barnsins til að starfa með öðrum lærist m.a. í daglegu lífi í leikskólanum. Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á tillitssemi, vináttu og virðingu í samskiptum fólks.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Við notum fjölbreyttar aðferðir við að skrá og meta starfið. Við notum ljósmyndaskráningar, hljóðupptökur, myndbandsskráningar, forritið Sway og ritaðar skráningar. Allir kennarar vinna skráningar í barnahópnum. Út frá skráningum sjáum við þróun starfsins og getum fylgst betur með barnahópnum og starfinu. Við leggjum fyrir málþroskamatið EFI fyrir 3 ára börn, og Hljóm-2 fyrir börn á síðasta leikskólaárinu. Við leggjum við hljóm-2 próf fyrir börnin á síðasta leikskólaárinu. Hljóm-2 er matstæki á hljóðkerfisvitund. Niðurstöður eru nýttar til að vinna áfram með málþroska og undirbúning lestrarnáms. Við notum líka íslenska þroskalistann til að meta stöðu þeirra barna sem sýna einhver frávik í þroska. Við nýtum YAP próf til að meta hreyfiþroska barna.

Einstaklingsmat fyrir foreldrasamtöl

Við vinnum með ferilmöppur sem fylgja börnunum alla leikskólagönguna og þar eru settar skráningar úr starfinu, myndaskráningar bæði frá leikskóla og heimili og teikningar barna.

Fjölskyldan og leikskólinn

Markmið með foreldrasamstarfi er að stuðla að góðu samstarfi milli heimilis og leikskóla. Mikilvægt er að góð samvinna og traust sé milli foreldra og starfsfólks. Gott upplýsingastreymi þarf að eiga sér stað milli þessara aðila til að samskipti verði sem ánægjulegust. Við viljum að foreldrar finni að þeir séu velkomnir í leikskólann.

Leikskólinn er alltaf opinn foreldrum og þeim er velkomið að koma og fylgjast með starfi og leik. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við alla foreldra. Föstudagspóstur er birtur á facebooksíðum deildanna og auglýsingar settar á töflu í forstofu ef eitthvað sérstakt er um að vera. Skólanámskrá Holts er birt á vefsíðu skólans. Sway skráningar úr starfi leikskólans eru reglulega sendar heim.

Áhersla er lögð á dagleg samskipti við alla foreldra og að upplýsingastreymi sé gott. Auglýsingar eru settar í forstofu ef eitthvað sérstakt er í gangi, facebooksíður deilda eru nýttar til að segja frá starfinu á deildum og koma upplýsingum til skila auk þess að flytja vikulegar fréttir. Vefsíða skólans sem er í vinnslu mun einnig miðla fréttum, kynningum og öllu um starfsemi skólans.

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna en leikskólastarfið er viðbót við það uppeldi.

„Við *upphaf leikskólagöngunnar* er lagður hornsteinn að samstarfi foreldra og leikskóla. Þar gefst foreldrum tækifæri til að kynna starfsháttum, hugmyndafræði og námskrá leikskólans og starfsfólk leikskólans fær upplýsingar um barnið, aðstæður þess, reynslu og áhugasvið. Á þessum gagnkvæmu upplýsingum byggjast fyrstu skref barnsins í leikskólanum. Foreldrar þurfa strax í upphafi að fá þau skilaboð að framlag þeirra sé mikils metið og litið sé á þá sem mikilvæga samstarfsaðila. Starfsfólki ber að leitast við að ná til foreldra allra barna.“ (aðalnámskrá leikskóla 2011)

Í upphafi leikskólagöngu barns á Holti vinnum við með þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með barni sínu þrjá daga í leikskólanum og kynna vel starfi skólans, starfsfólki og umhverfi. Þar leggjum við hornstein að því samstarfi sem koma skal.

Foreldrar geta óskað eftir samtali og rætt hagi barnsins í skólanum. Allir foreldrar eru boðaðir í samtal tvisvar sinnum yfir skólaárið að hausti og að vori nema foreldrar yngstu barnanna sem fara í samtal með aðlögun að hausti og því aðeins í formlegt foreldrasamtal að vori það árið. Fyrir þessi viðtöl hafa kennarar gert athugun á barninu, stöðu þess og líðan. Við hvetjum foreldra til að nýta sér þessi samtöl og vita hvernig barninu gengur í skólanum og koma upplýsingum til kennara um líðan barnsins heima. Foreldrum gefst þá kostur á að fylgjast með starfinu og koma á framfæri óskum og hugmyndum um starfsemina.

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag. Foreldrar verða sjálfkrafa félagar í foreldrafélaginu þegar barn þeirra byrjar í leikskólanum. Stjórn félagsins er kjörin á aðalfundi sem haldinn er að hausti ár hvert. Fulltrúar í foreldrafélag eru eitt foreldri af hverri deild og einnig situr í stjórn fulltrúi starfsmanna sem er tengiliður milli stjórnar og leikskólans. Landssamtök foreldrafélaga styðja við bakið á foreldrafélögum og veita ýmsar upplýsingar er varða starf foreldrafélags.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Á Holti er starfandi foreldraráð og í ráðinu sitja þrjú fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra.

Tengsl skólastiga

„Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu“ (aðalnámskrá 2011). Gott samstarf hefur verið við okkar heimaskóla Akurskóla. Í september ár hvert hittast kennarar elstu barnanna, árgangastjóri og kennarar fyrsta bekkjar Akurskóla. Þar bera leikskólakennarar og grunnskólakennarar saman bækur sínar, ræða hvað þarf að leggja mesta áherslu á og hvernig samstarfinu verður háttað þann veturinn. Elstu börnin fara í heimsókn í grunnskólann. Þessar heimsóknir eru til að auðvelda barninu þær breytingar er verða þegar það fer úr leikskóla í grunnskóla. Í Narfakotsseylu höfum við sameiginlegt útikennslusvæði með Akurskóla og leikskólanum Akri þar sem skólastigin hafa gott tækifæri til að vinna saman og tengjast.

Mat á leikskólastarfi

Innra mat

Að vori svarar starfsfólk sérstökum spurningalista til að meta starf vetrarins og samskipti við börnin, foreldra og starfsfólk innbyrðis. Starf leikskólans er í stöðugri endurskoðun og á starfsmannafundum er rætt hvað hefur gengið vel, hvað betur mætti fara og gerðar breytingar í samræmi við það. Með þessu endurmati er reynt að draga fram styrkleika og veikleika í starfinu.

Formleg starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári milli starfsmanna og leikskólastjórnenda. Á Holti eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við að skrá og meta starfið. Við notum ljósmyndaskráningar, hljóðupptökur, myndbandsskráningar og ritaðar skráningar. Allir kennarar vinna skráningar í barnahópnum, út frá skráningum sjáum við þróun starfsins og getum fylgst betur með barnahópnum og starfinu. Þá er reynt að kanna viðhorf og óskir foreldra til leikskólans á ýmsan hátt, t.d. með reglulegum könnunum og í gegn um samtöl. Viðtöl eru einnig tekin við börnin að hausti og vori varðandi viðfangsefni vetrarins og unnið með þeirra áhug og óskir við skipulag starfsins. Í lok leikskólagöngunnar eru tekin viðtöl við elstu börnin um viðhorf þeirra til leikskólans.

Ytra mat

„Sú nefnd sem fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar skal hafa eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Þetta á bæði við um þá leikskóla sem reknir eru af sveitarfélaginu og þá sem reknir eru af öðrum aðilum. Nefndin ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla og að skólinn meti innra starf sitt með markvissum hætti. Við ytra mat má styðjast við margs konar upplýsingar t.d. um innra mat, mat á skólanámskrá og starfsáætlun skóla, framkvæmd skólastefnu sveitarfélagsins, tölulegar upplýsingar og önnur gögn eftir því sem við á. Sveitarstjórn ber að tryggja að upplýsingum um skólastarf sé miðlað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, starfsfólks skóla og foreldra. Niðurstöðum úttekta og kannanna skal fylgt eftir með markvissum hætti en eftirfylgni tekur mið af viðfangsefni og niðurstöðum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur eftirlit með því að sveitarfélög uppfylli þær skyldur sem lög um leikskóla, reglugerðir og aðalnámskrá kveða á um. Reglubundið ytra mat ráðuneytisins felst í úttektum, könnunum og rannsóknum ásamt almennri öflun, greiningu og miðlun upplýsinga. Ráðuneytið gerir áætlun til þriggja ára um ytra mat, kannanir og úttektir, sem miða að því að veita upplýsingar um starfsemi leikskóla. Ytra mat ráðuneytisins getur m.a. falist í úttektum á skólastarfi í heild eða einstökum þáttum þess, stofnanaúttektum, úttektum á ákveðnum þáttum eða innra mati. Einnig getur ytra matið falist í greiningu á niðurstöðum mats sveitarfélaga. Niðurstöðum ber að fylgja eftir og tekur eftirfylgni ráðuneytisins mið af niðurstöðum hverju sinni. Niðurstöður allra kannana og úttekta eru birtar á vef ráðuneytisins.“

Heimildaskrá

- Brooker, Liz, Edwards, Susan, Blaise, Mindy. (2014). *SAGE Handbook of Play and Learning in early Childhood*. London, SAGE Publication Ltd.
- Carlsen, K., & Clark, A. (2022). Potentialities of pedagogical documentation as an intertwined research process with children and teachers in slow pedagogies. *European Early Childhood Education Research Journal*, 30(2), 200–212.
<https://doi.org/10.1080/1350293X.2022.2046838>
- Chard, Sylvia C. og Katz, Lilian G. (1996). *The Contribution of Documentation to the Quality of Early Childhood Education*. Eric Digest. [Print ED444767.TIF \(142 pages\)](#)
- Clark, A. (2022). *Slow Knowledge and the Unhurried Child: Time for Slow Pedagogies in Early Childhood Education* (1st ed.). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781003051626>
- Coşkun, H., & Durakoğlu, A. (2015). A Project-Based Approach in Child Education: Reggio Emilia. *Uluslararası Beşeri Bilimler Ve Eğitim Dergisi*, 1(2), 141-153.
- Edwards, Carolyn, Lella Gandini og George Forman. (2011). *The Hundred Languages of Children. The Reggio Emilia Experience in Transformation*. Priðja útg. London, Praeger.
- Fernández-Santín, Mercé og Maria Feliu-Torruella. (2020). Developing critical thinking in early childhood through the philosophy of Reggio Emilia. *Thinking Skills and Creativity* 37(1), <https://doi.org/10.1016/j.tsc.2020.100686>
- Harris Helm, Judy, Katz, Lilian G. og Wilson, Rebecca. (2023). *Young Investigators: The Project Approach in the Early Years. Early Childhood Education Series*. New York, Teachers College Press.
- Lenz Tacuchi, Hillavi. (2000). *Dokumentation som pædagogisk refleksion. Erfaringer fra det svenska Reggio Emilia-institut og fra Reggio Emilia*. Frederikshavn. Dafalo.
- Manera, L. (2022). Art and aesthetic education in the Reggio Emilia Approach. *Education 3-13*, 50(4), 483–493. <https://doi.org/10.1080/03004279.2022.2052230>
- Massa, Susanna. (2014). The Development of Critical Thinking in Primary School: The Role of Teachers' Beliefs. *Social and Behavioral Science*, 141(1), 387-392.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (1988). *Börn hafa hundrað mál*, Kjarvalsstaðir/Reykjavík.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt af [Aðalnámskrá leikskóla \(stjornarradid.is\)](https://leikskola.stjornarradid.is).
- Reggio Emilia Encounters. (2015). *Children and Adults in Collaboration*. London, Routledge.
- The Municipal Infant-Toddler Center and Preschools of Reggio Emilia*. (1996). Municipality of Reggio Emilia, Reggio Children.
- Sancisi, Lisa og Margaret Edgington. (2015). *Developing High Quality Observation, Assessment and Planning in the Early Years. Made to measure*. London, Routledge.
- Wallin, Karin. (1987). *Hvis ojet fik magt*. Kobenhavn, Forlaget Born & Unge.
- Wallin, Karin. (1997). *Reggio Emilia og de hundrede sprog*. Frederikshavn, Dafalo.

Wallin, Karin, Ingela Mæchel og Anna Barsotti. (1983). *Ett barn har hundra sprak. Om skapende pedagogig pa de kommunala daghemmen I Reggio Emilia Italien*. Stockholm, Bohuslaningens Boktryckeri.